

Alþingi
Nefndasvið
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 20. mars 2019

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (mál 647)

Hafrannsóknastofnun fékk til umsagnar mál 647, frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi. Um er að ræða breytingar á lögum er varða fiskeldi, aðallega lögum um fiskeldi nr. 71/2008. Breytingar þessar eru mikilvægar og til þess fallnar að umgjörð fiskeldis verði skýrari. Þá eru einnig mikilvæg atriði í frumvarpinu er lúta að stýringu fiskeldis og að það megi stunda í sátt við náttúruna og við aðra nýtingu á náttúru landsins.

Frumvarpið er því mikil bót á lagaumgjörð fiskeldis og styrkir það verulega. Stofnunin styður því eindregið að frumvarpið verði að lögum. Það eru þó nokkur atriði sem þarfnast skoðunar.

Í 2. grein frumvarpsins b. lið eru lagðar til breytingar á 4. grein laga um fiskeldi nr. 71/2008. Þar er lagt til að ný málsgrein bætist við um samráðsnefnd um fiskeldi. Gott getur verið að hafa slíkan samráðsvettvang. Mögulegt er að skipa slíka nefnd á ýmsa lund til að sem flest sjónarmið komi fram. Það er mikilvægt þegar byggja á upp atvinnugrein án þess að skaði verði á náttúrunni og öðrum hagsmunum. Því er spurning hvort ekki ætti að fjölga í samráðsnefndinni. Þegar kemur að hlutverki nefndarinnar er því list svo að hún sé stjórnvöldum til ráðgjafar vegna málefna fiskeldis. Síðan kemur setning „*Í því felst meðal annars að leggja mat á forsendur og úrvinnslu þeirra gagna sem áhættumat erfðablöndunar byggist á.*“ Þar sem nefndin verður skipuð fólki tilnefnt af hagsmunasamtökum er vart hægt að ætlast til þess að það geti lagst í mikla fræðilega vinnu um áhættumatið auk þess sem að hagsmunir geta haft áhrif á mat þess. Hins vegar er sjálfsagt að áhættumatið sé kynnt samráðsnefndinni og þar sé um það fjallað eins og ráð er fyrir gert í 7. grein frumvarpsins sem viðbót við 6. grein fiskeldislaganna. Því er lagt til að setningin í 2. grein frumvarpsins sem viðbót við 4. grein laganna „*Í því felst meðal annars að leggja mat á forsendur og úrvinnslu þeirra gagna sem áhættumat erfðablöndunar byggist á.*“ falli brott.

Í 7. grein frumvarpsins um áhættumat er fjallað um hvernig Matvælastofnun skuli bregðast við breyttu áhættumati hvort sem það leiðir til meira eða minna magns í eldi. Þau ákvæði eru ekki mjög skýr en hægt að kveða nánar á um þessi atriði í reglugerð. Mikilvægt er að sú reglugerð verði gefin út um leið og lögín taka gildi til að eyða allri óvissu.

Í 23. grein frumvarpsins e. lið er kveðið á um að Hafrannsóknastofnun leggi fram endurskoðað áhættumat innan tveggja mánaða eftir að lögín taki gildi. Í ljósi lagaumhverfisins sem við búum við og ríka rannsóknarskyldu sem þeim fylgir er varhugavert að setja fram slík tímamörk í lagatexta. Því er lagt til að í stað orðanna „innan tveggja mánaða“ komi „eins fljótt sem verða má“.

Ef frumvarpið verður að lögum þá mun það kalla á meiri vinnu á Hafrannsóknastofnun vegna áhættumatsins sem þýðir að aukið fjármagn þarf að koma til stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,



Sigurður Guðjónsson, forstjóri